

Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn

Reykjavík, 30. ágúst 2021
UST202108-106/A.Þ.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og nýtt deiliskipulag að Borgarhöfn

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 11. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og nýju deiliskipulagi að Borgarhöfn.

Í greinargerð kemur fram aðalskipulagsbreytingin gengur út á að breyta landnotkun í landi Borgarhafnar 2-3 Neðribæjar í Suðursveit í Sveitarfélaginu Hornafirði úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 5 ha svæði. Markmið deiliskipulagsins er að skilgreina tjaldsvæði, byggingarreit fyrir smáhýsi og lóðir og byggingarreiti fyrir frístundahús.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að stærsti hluti skipulagssvæðisins er flokkaður sem *tún og akurlendi* skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá kemur fram að meðfram aðkomuvegi er *starungsmýravist* sem er með mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar en þó beri að líta til að hún er mjög útbreidd um land allt. Umhverfisstofnun bendir á að þó að vistgerðin sé útbreidd réttlætir það ekki rask. Stofnunin hvetur til þess að reynt verði að forðast rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur